

FASTEIGNASKATTUR, LÓÐARLEIGA, FRÁVEITA- OG VATNSGJALD Í PINGEYJARSVEIT - GJALDSKRÁ 2023

1. gr.

Fasteignaskattar:

a. 0,625% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b. 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

c. 1,65% af fasteignamati, ásamt lóðarréttindum:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Gjalddagar eru átta: 1. feb. 1. mars, 1.apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1.ágúst og 1. september og eindagi 3. dag næsta mánaðar. Álagning sem er 20.000 kr. eða lægri er innheimt með einum gjalddaga þann 1. apríl.

Reglur um afslætti af fasteignaskatti:

Reglur þessar gilda um lækkun fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði að hluta, eða fullu, hjá ellí og örorkulífeyrisþegum sem búa sér í eigin húsnæði enda sé íbúðarhúsnæðið ekki notað til útleigu eða annarra nota.

Afsláttar njóta þeir;

a) sem verða 67 ára á árinu eða eldri.

b) sem eru orðnir örorkulífeyrisþegar fyrir 1. janúar 2023.

Ef um hjón eða samskattað sambýlisfólk er að ræða, ræður aldur eða örorka þess lífeyrisþega sem skráður er eigandi í fasteignaskrá.

100% lækkun:

Einstaklingar með árstekjur allt að kr. 6.232.220.-

Hjón með árstekjur allt að kr. 8.637.640.-

80% lækkun:

Einstaklingar með árstekjur frá kr. 6.232.221 til kr. 7.106.920.-

Hjón með árstekjur frá 8.637.641 til 9.621.680.-

50% lækkun:

Einstaklingar með árstekjur frá kr. 7.106.921.- til kr. 8.200.290.-

Hjón með árstekjur frá kr. 9.621.681.- til kr. 10.059.030.-

Tekjuviðmið vegna afsláttar fasteignagjalda taki breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar 1. janúar hvert ár.

Annað verði óbreytt.

Við fráfall maka eða samþýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði sem fjölskylda hins látna á og býr í, felldur niður að fullu árið eftir fráfallið.

Samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 14.12.2022

Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2023.

2. gr.

Vatns- og fráveitugjöld:

Vatnsgjald	0,21 % af fasteignamati en 0,15% í Mývatnssveit
Aukavatnsgjald	0,42 % af fasteignamati
Fráveitugjald	0,12 % af fasteignamati en 0,225% í Mývatnssveit

3. gr.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga 1,25 % af fasteignamati.
Lóðaleiga af landi samkvæmt sérstökum samningi þar um.

4. gr.

Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar þann 14.12.2022.

Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2023.